

Hringbraut 77- Suðurbæjarlaug.

Fyrir liggja þrjár umsóknir um lóð/stækkun mannvirkja innan lóðar að Hringbraut 77. Á lóðinni er sundlaug ásamt tengdum mannvirkjum.

Umsækjendur eru : Spor í sandinn, Borgartúni 27 Reykjavík, GYM heilsa, WorlsClass/ Laugar; Sundlaugarvegi 30a Reykjavík.

Umsögn:

Samkvæmt Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 er umrætt svæði merkt sem S23, og landnotkun svæðisins er skilgreind sem land undir samfélagsþjónustu. Um hana segir eftirfarandi í greinargerða aðalskipulagsins:

„2.2.4 Samfélagsþjónusta.

Almenn ákvæði:

Á þessum svæðum skulu vera stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkisins, sveitarfélagsins eða annarra aðila. Ekki skal gera ráð fyrir annarri atvinnustarfsemi eða íbúðum á þessum svæðum nema húsvarðaríbúðum í einstökum tilvikum.“

Lóðin er samkvæmt drögum að mæliblaði 13359 m², og inn á vesturhluta hennar nær veghelgun Vegagerðarinnar vegna Strandgötu. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi frá 2004 fær Hvammsbraut 1 (Brandsbær) talsverðan byggingarreit innan sinnar lóðar sem kann að hafa áhrif á hugsanleg byggingaráform á lóð Sundlaugarinnar. Með þetta í huga ásamt landhæð lóðarinnar og t.d. sólargangs m.t.t. núverandi sundlaugar og stækkunar möguleika hennar þá er lagst gegn byggingaráformum á suðvestur hluta lóðar Hringbrautar 77.

Svæði austan og sunnan við núverandi sundlaugarbyggingu er of lítið miðað við þau byggingaráform, sem fram kom í lóðarumsóknum auk þess, sem það liggur að opnu grænu svæði sem m.a. hýsir sparkvöll aðliggjandi íbúðarbyggðar. Ekki liggja fyrir neinar tölur eða hugmyndir um áætlaðan gestafjölda viðkomandi rekstraraðila. Vísað er þó til samnýtingu á núverandi bílastæðum. Gera verður ráð fyrir að núverandi bílastæði verði fullnýtt og að fjölga þurfi þeim auk þess sem gera verður ráð fyrir að langferðabílar geti athafnað sig.

Skipulagslega er ekki forsvaranlegt að beina aukinni umferð inn á Hringbraut og Hvammabraut þar sem slíkt mun m.a. leiða af sér aukin gegnumakstur um rótgróin íbúðarhvefi. Með vísan í framangreint, þá getur undirritaður ekki mælt með fyrirliggjandi umsóknum ofangreindra aðila.

Þormóður Sveinsson arkitekt/skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðar.